

Viðauki um skapandi gervigreind

Mai 2025

- a) Útgefanda er óheimilt að nota verkið eða veita þriðja aðila leyfi til að nota verkið til að þjálfa gervigreindartækni og líkön.
- b) Höfundur er óheimilt, án samþykkis útgefanda, á meðan útgáfusamningur aðila er í gildi að nota verkið eða veita þriðja aðila leyfi til að nota verkið til að þjálfa gervigreindartækni og líkön.
- c) Útgefandi ábyrgist að hann muni ekki nota gervigreindartækni eða líkön til að meðhöndla eða vinna með verkið fyrir utan notkun hefðbundinna texta- og leiðréttingaforrita, nema um það hafi verið samið sérstaklega við höfund.
- d) Höfundur ábyrgist að verkið hafi ekki verið skrifað með gervigreindartækni eða líkönum, fyrir utan venjulegan texta- og leiðréttingarbúnað í ritvinnsluforritum. Ef verkið inniheldur texta sem er búinn til með gervigreind verður að gera útgefanda grein fyrir því og textinn verður að vera merktur sérstaklega eins og aðrar heimildir.
- e) Með skilgreiningunni gervigreind er átt við líkön og verkfæri eins og ChatGPT, GPT-4, BERT, DALL-E og sambærilega þjónustu sem getur búið til og umritað texta og aðra listræna útfærslu tengda verkinu.